



# Umhverfisviðurkenningar 2013



# Umhverfisviðurkenningar Kópavogsbæjar

Ár hvert veitir umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogsbæjar umhverfisviðurkenningar í bænum. Viðurkenningarnar hafa verið veittar frá árinu 1964. Í byrjun voru veittar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi, fallegustu garðana eða lóðir bæjarins. Árið 1995 var breyting á og núverandi fyrirkomulag tekið upp. Einstaklingar, félagasamtök og/eða fyrirtæki geta fengið viðurkenningar í ýmsum flokkum s.s. umhirða húss og lóðar, endurgerð húsnæðis, frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum, framlag til ræktunarmála og framlag til umhverfis og samfélags.

Bæjarstjórn Kópavogs velur götu ársins.

Í umhverfis- og samgöngunefnd 2013 sitja eftirtaldir aðilar:

## Aðalmenn

Margrét Björnsdóttir, formaður  
Kristján Matthíasson, varaformaður  
Hreiðar Oddsson  
Margrét Júlía Rafnsdóttir  
Helgi Jóhannesson

## Áheyrnarfulltrúi

Tryggvi Magnús Þórðarson  
Gylfi Sigurðsson

## Varamenn

Aðalsteinn Jónsson  
Guðmundur H. Hermannsson  
Eiríkur Ólafsson  
Garðar Vilhjálmsson  
Svava H. Guðmundsdóttir

# Framlag til umhverfismála Kársnesskóli

Í Kársnesskóla er umhverfismennt í hávegum höfð og svo hefur lengi verið. Kársnesskóli fékk fyrsta grænfánann árið 2010 og fána númer tvö nú á vordögum. Nemendur, starfsmenn og foreldrar hafa tekið þátt í starfinu.

Megin markmið og verkefni árána 2007 – 2010 voru:

- Grænt Kársnes
- Flokkun og endurvinnsla pappírs og öðrum afurðum sem falla til í skólastarfi
- Spara rafmagn og vatn
- Skola fernur og skila þeim í gáma
- Flokkun og skil á lífrænum úrgangi

Á þemadögum hefur verið lögð áhersla á listsköpun með efnivið sem tilfellur í skólanum og á heimilum. Auk þess hefur verið unnið með fjölbreytt viðfangsefni sem snúa að náttúru og umhverfismálum, t.d. Jörðin okkar, vatn og sjór, dýr í útrýmingarhættu, landbúnað og fl.

Frá árinu 2007 hefur verið unnið markvisst að því að auka vægi útikennslu og hefur vel tekist til, þar sem nánasta umhverfi er nýtt til fræðslu og vettvangsferða.

Megin markmið og verkefni árána 2012-2013 voru:


- Grænt Kársnes - Samstarf heimilis og skóla.
- Rafhlöður og skil á þeim
- Bláa Kópavogstunna
- Gráa Kópavogstunna
- Spilliefni og skil á þeim

Fyrirkomulag var með þeim hætti að hvert verkefni var unnið á um það bil tveimur vikum. Jafnframt fengu foreldrar ítarlegar upplýsingar um hvert verkefni. Markmiðið var að efla samvinnu heimila og skóla í umhverfismálum og vinna markvisst að upphaflega markmiðinu „Grænt Kársnes“



Þemaverkefni í samstarfi við teymi um uppeldi til ábyrgðar. Að bera ábyrgð á eigin hegðun og umhverfi okkar. Að virða gildi skólans og umhverfissáttmálann. Verkefnið fer af stað í september 2013 og þar verður lagt út frá sögunni um dýrin í Hálsaskógi.

Í júní 2013 var haldinn umhverfisdagur þar sem hreinsað var til í hverfinu í samráði við starfsmenn bæjarins.



# Framlag til umhverfismála Smáraskóli

Haustið 2011 gekk Smáraskóli til liðs við verkefnið „Skólar á grænni grein“. Á sama tíma og skólinn hóf þátttöku í verkefninu hófst þátttaka hans í Comeníusarverkefni með sjö öðrum grunnskólum í jafnmörgum Evrópulöndum sem miðaði að því að efla skilning nemenda á mikilvægi þess að fara vel með orkulindir okkar. Hugsunin var að verkefni styddu vel hvert við annað og myndu hjálpa til við að efla þekkingu starfsmanna og nemenda á umhverfismálum.

Aðdragandi þessarar vinnu var stefnmörkun skólans haustið 2010 til næstu ára. Ákveðið var að virk umhverfismennt nemenda ætti að verða einn af hornsteinum skólustarfsins í takt við nýja aðalnámskrá grunnskóla sem þá var í drögum og áherslu yfirvalda í Kópavogi á að í skólum bæjarins væri lögð rækt við umhverfismennt og mótuð virk umhverfisstefna. Skipuð voru teymi starfsmanna til að halda utan


um bæði verkefni og skiluðu þau af sér góðu verki á starfstímanum. Verkefnisstjóri „Skólar á grænni grein“ í skólanum hefur verið Emilía Sigurðardóttir deildarstjóri yngra stigs. Comeníusarverkefninu lauk formlega nú í sumar en skilur eftir sig vinnu sem nýtist verkefnisstjórn „Skólar á grænni grein“ mjög vel í þeirri vinnu sem framundan er. Verkefnisstjóri Comeníusarverkefnisins sem ber heitið „The future of the world is in our hands“ var Ragna K. Magnúsdóttir.

Starf undangenginna 2. – 3. ára hefur skilað sér á margvíslegan hátt inn í skólustarfið. Dregið hefur úr þeim úrgangi sem fer frá skólanum m.a. með notkun einnota umbúða. Umtalsverðu magni af lífrænum úrgangi hefur verið skilað til moltugerðar, flokkun, endurvinnsla og endurnýting pappírís hefur aukist, náðst hefur fram sparnaður í orkunotkun (bæði hita og rafmagni) og teljum við merkjanlega aukna



umhverfisvitund nemenda auk þess sem þau eru meðvitaðri um sameiginlega ábyrgð allra jarðarbúa á góðri umgegni við móður Jörð.

Við skólaslit í byrjun sumars flaggaði Smáraskóli Grænfánanum í fyrsta sinn til marks um það góða starf sem starfsfólk og nemendur skólans hafa unnið á þessu sviði á síðastliðnum árum. Var það skólanum mikils virði og hvatning til áframhaldandi góðra verka.



# Framlag til umhverfismála

## Vatnsendaskóli


Vatnsendaskóli er skóli á grænni grein hjá Landvernd og hefur tvisvar flaggað Grænfánanum, 2009 og 2012. Markmið skólans í umhverfismennt er að hver og einn nemandi læri að taka meiri ábyrgð á eigin umhverfi. Mikilvægt er að nemendur læri að bera virðingu fyrir auðlindum okkar svo þær nýtist komandi kynslóðum sem best.

Í skólanum er lögð áhersla á að fræða nemendur um mikilvægi þess að hugsa vel um umhverfið og náttúruna. Undanfarnin ár hafa starfsmenn og nemendur skólans verið að flokka pappír og leitast við að endurnýta hann sem mest. Einnig er lífrænn úrgangur flokkaður í öllum kennslustofum, starfsmannastofu og mötuneyti nemenda.

Orkusparnaður er hafður að leiðarljósi og allir eru hvattir til að láta vatnið renna sem minnst úr krönunum og slökkva ljósin þegar gengið er út úr stofum. Í Vatnsendaskóla er ætlast til að nemendur drekki sem mest vatn og ef þeir koma með nesti í einnota umbúðum eiga þeir að taka umbúðirnar með sér heim. Foreldrar eru hvattir til að ræða umhverfismál við börn sín.

Vatnsendaskóli leggur sérstaka áherslu á náttúrufræðikennslu. Í því samhengi er útikennsla á stundaskrá nemenda skólans og er hún ýmist í höndum umsjónarkennara eða hún er kennd í smíðjum. Rík áhersla er lögð á útivist og vettvangsferðir fyrst á haustin og á vorin. Til dæmis fræðast yngri nemendur um fugla sem hafa aðsetur við Elliðavatn og eldri nemendur taka sýni úr lífríki vatnsins til að greina. Unglingarnir hafa farið í lengri gönguferðir og gist á áfangastað. Í þessum ferðum hafa þeir kynnst náttúrunni á leiðinni, lært að nota göngukort og kynnst helstu kennileitum á leiðinni.

Í upphafi ákvað umhverfisnefndin að taka lítil skref og fylgja þeim vel eftir og virðist það hafa gengið vel. Það sem hefur fyrst og fremst áunnist við þá vinnu, sem greint er frá hér að ofan, eru betur upplýstir starfsmenn og nemendur. Það skilar sér svo í betri umgengni innan skólans og utan.



# Framlag til umhverfismála

## Menntaskólinn í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi setti sér umhverfisstefnu árið 2006 undir yfirskriftinni „GÖNGUM HREINT TIL VERKS“.


Í öllu starfi skólans er leitast við að sinna umbótum í umhverfismálum og vinna að umhverfistengdum verkefnum. Skólinn tók þátt í erlendu samstarfsverkefni um umhverfismál skólaárið 2009-2010 en það verkefni sem upp úr stendur á þessu

sviði innan skólans er árleg umhverfisvika sem haldin er á haustönn.

Síðasta umhverfisvika hafði yfirskriftina „Sorp og sjálfbærni“ og vikan 2011 lagði áherslu á náttúruvernd, umhverfisvænan ferðamáta og umhverfisvænan mat og lífsstíl. Umhverfisvikan er birtingarmynd af jákvæðu samstarfi kennara og nemenda skólans um umhverfismál. Að jafnaði eru tveir til þrjú fyrirlestrar daglega í umhverfisvikunni þar sem fengnir eru sérfræðingar utan skólans til að fjalla um einstaka þætti, dæmi um slíka fyrirlestra er Bíllaus lífsstíll, Áhrif mannsins á kolefnishringrásina

á jörðina, Að virkja eða vernda, Visthagfræði, Endurvinnsla hefst í hausnum á þér, Bílalestin að Miklagili, Hjólað í skólann, Vistspor Íslands og svo mætti lengi telja. Þá eru daglega sýndar kvikmyndir um umhverfismál og nemendur vinna verkefni, s.s. samgöngukönnun og taka þátt í fjölbreyttum keppnum sem byggja á endurnýtingu og umhverfismálum.

Það er mat okkar í MK að samþjöppuð dagskrá í eina viku um umhverfismál þar sem allir taka á einhvern hátt þátt í, skili meiri árangri í fræðslu og áhuga en stakir viðburðir og skapi jákvæðan skólabrag þar sem umhverfismál eru í forgrunni. Umhverfisvikan í MK setur svip á skólastarfið og minnir okkur á mikilvægi umhverfismála.



# Framlag til umhverfismála

## Siglingafélagið Ýmir

Siglingafélagið Ýmir var stofnað 4. mars árið 1971. Félagið eignaðist fljótlega skemmu eftir stofnun þess og fékk leyfi til að setja hana niður við hliðina á húsnæði Kópavæss við Vesturvör þar sem Æskulýðsráð Kópavogs rak siglingastarfsemi sína. Þessi skemma var notuð undir smíðar og sem báta- og mastursgeymsla næstu 30 árin. Þó skemman væri ekki glæsileg nýttist hún félögum Ýmis vel. Þar sinntu félagar viðhaldi á bátum sínum á árunum 1974 - 2006.

Árið 2000 kviknaði hugmyndin að nýrri aðstöðu siglingafélagsins. Björn Ólafs arkitekt teiknaði húsnæðið við Naustavör 20 þar sem Siglingafélagið Ýmir hefur aðstöðu í dag. Fyrsta skóflustungan að nýrri aðstöðu Ýmis var tekin 6. júní 2008 og ári seinna eða 6. júní 2009 var húsið tekið í notkun og síðan vígt 27. júlí 2009.



Frá upphafi var lagt upp með það að horfa til umhverfislegra þátta í uppbyggingu hússins, m.a. með góðu skipulagi húss og svæðis, auk þess sem komið var fyrir spilliefnagildru í fráveitu frá niðurföllum. Til að fyrirbyggja að olía eða önnur spilliefni berist í höfnina.

Höfnin er hönnuð með seglskútur í huga þar sem kilir þeirra rista nokkuð djúpt. Í byrjun júní 2009 var fyrsti hluti flotbryggjunnar lagður en í framtíðinni er flotbryggjan hugsuð töluvert stærri.

Öll aðstaðan er hugsuð í anda Bláfánans. Árið 2011 var tekin ákvörðun um það að vinna að umhverfisstefnu Siglingafélagsins Ýmis. Umhverfisstefnan var samþykkt á aðalfundi félagsins árið 2013.

Umhverfisstefna Ýmis er svohljóðandi:

Siglingafélagið Ýmir er félag siglingamanna í Kópavogi. Siglingar eru umhverfisvæn íþrótt, ferðamáti og lífsstíll.

Siglingafélagið Ýmir leggur áherslu á eftirfarandi þætti í umhverfisstefnunni:

- Hvetja félagsmenn sína og nemendur á námskeiðum félagsins til að virða náttúruna og spilla henni ekki með neinu móti.
- Allt rusl á félagssvæðinu sé flokkað.
- Hvetja bátseigendur til að draga úr loftmengun í viðlegu og siglingum.
- Hindra að mengun berist í sjó.
- Halda félagssvæðinu eins hreinu og mögulegt er.
- Huga vel að orkunotkun í félagsaðstöðunni.
- Hugað sé að vistvænum innkaupum.

Góð umhverfisstjórnun tryggir heilbrigði umhverfisins til framtíðar, auk þess að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir.

Þann 6. júní 2013 fékk Kópavogsbær og smábátahöfnin, þar sem Siglingafélagið Ýmir hefur aðsetur, afhentan Bláfánann. Bláfáninn er mikil viðurkenning fyrir Kópavogsbæ og Siglingafélagið, hann er tákni um góða frammistöðu í umhverfismálum þar sem félagsmenn lögðu mikla vinnu í verkefnið.

Höfnin hefur staðist kröfur Bláfánans og flaggar nú bláfánanum í fyrsta skipti.



# Umhirða húss og lóðar til fyrirmyndar

## Birkihvammur 7

Hjónin Sigríður Bjarnadóttir og Guðmundur B. Kristmundsson fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngnefndar fyrir Birkihvamm 7. Þau hafa búið í húsinu frá árinu 1985 ásamt börnum sínum.

Húsið var byggt á árunum 1954-1956, það er hæð og ris og stendur nokkuð hátt, með góðu útsýni. Saga hússins er nokkuð óljós en gert var ráð fyrir að þar mætti hýsa tvær fjölskyldur, sýna á hvorri hæð. Þegar núverandi eigendur fluttu inn var orðin verulega þörf á endurbótum innan húss og utan. Skipta þurfti um glugga, mála þak og endurnýja


innan húss. Árið 1985 var húsið allt málað að utan. Þegar Sigríður og Guðmundur fluttu í húsið var garðurinn umhverfis það einungis þakinn grasi sem var í hálfgerðri órækt. Hann var ekki afmarkaður með garði eða hleðslu og bílastæði var einungis mold og sandur. Í garðinum var aðeins að finna tvö lágvaxin reynitré á bak við bílskúrinn. Smám saman fóru hjónin að fína í hann blóm og tré. Lífið var keypt en góðir vinir skutu að þeim plöntum og græðlingum og þau prófuðu sig áfram. Þau nutu reynslu góðra vina og gamalla nágranna. Stöðugt var breytt og bætt, plöntur fluttar til og þeim fundinn betri staður þar sem þær þrífust og settu svip á umhverfið. Nú eru í garðinum 126 tegundir plantna og þá eru ekki meðtalin sumarblóm og grænmetisplöntur.

Garðurinn er stöðugt í mótun, markmið þeirra hjóna er að skapa góðan stað þar sem þeim líður vel og bæta umhverfið. Þau hafa ekki haft í huga að búa til fyrirmyndargarð, lýtalausn þar sem öllum reglum lystigarðsins er fylgt.

Þau Sigríður og Guðmundur segja gott að búa í Birkihvammi. Húsið er hlýlegt og hefur að geyma góðan anda og umhverfið er notalegt, vel gróið og veðursæld líklega með því besta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu.



Fyrir þau myndar garður og hús eina heild. Húsið er fallett og litir þess glöðlegir. Þau hafa leitast við að hafa það í huga við garðræktina. Garður segir ýmislegt um hús eins og hús getur sagt ýmislegt um garð.



# Endurgerð húsnæðis

## Huldubraut 31

Hjónin Lovísa Ólafsdóttir og Sævar Guðbergsson fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2013 fyrir endurgerð húsnæðis.

Huldubraut 31, áður Kársnesbraut 56, var reist árið 1949 af Sigríði og Guðmundi Breiðfjörð. Núverandi eigendur keyptu húsið af Sigríði árið 1991. Lovísa og Sævar hafa staðið í framkvæmdum á húsinu frá árinu 1991 og hafa þær átt sér stað jafnt og þétt í gegnum árin. Húsið var mjög illa farið og lóðin í mikilli órækt með einungis nokkrar birkihrslur, hansarós og mispil á bak við húsið og lítið reynitré við inngang þess. Gamall kálgarður var meðfram húsinu vinstra megin.

Við fyrstu endurbætur fannst mesta gersemi hússins, undir dúkum og teppum fannst gólfefni sem samanstóð af fallegum gegnheilum furuborðum. Við endurbætur hússins hefur verið reynt að halda í gamla stílinn og gamli stiginn upp á efri hæðina,


sem var smíðaður af Guðmundi og vini hans var látinn standa. Byrjað var á endurbótum fyrst að innan þar sem veggir, loft, rafmagn og ofnakerfi var skipt út. Engin einangrun var í veggjum sem varð til þess að enginn fúi var í húsinu.

Til að ná betri reisn á húsið með þeim kvistum sem fyrir voru var þakið hækkað um 1 m og gluggarnir fengu annað og betra útlit.

Í þessu stóra verkefni hjónanna hefur Haukur Gunnarsson hjá Bergsmíði ehf. staðið þétt að baki þeirra við smíðina. Bilskúrinn var smíðaður árið 2006 og var frágangur á innkeyrslu gerður í framhaldinu.

Garðurinn var hannaður af þeim hjónum og ræktaður upp samhliða endurbótum á húsinu. Mikil vinna hefur verið lögð í garðinn og meðal annars er sérvalið holtagrjót úr Stafnesi og pallur og annað hannað sem ein heild í kringum holtagrjótið.

Þegar húsið var keypt árið 1991 var Huldubraut ómalbikuð og enginn ljósastaur við enda götunnar þar sem húsið stendur. Huldubraut 31 var einnig fyrsta húsið í götunni sem fékk síma. Þangað kom fólk úr nágrenninu til að hringja og þangað var hringt í nágannana og þeir sóttir.



## Fróðleiksskilti

### Hjólaleiðir

Áningarstaður við Kópavogstún var endurnýjaður í vorbyrjun. Á svæðinu geta þeir sem leið eiga framhjá tillit sér niður, lagt hjólinu við hjólstanda og skoðað helstu hjóla- og gönguleiðir í bænum og á höfuðborgarsvæðinu.

Hjóla- og gönguleiðaskiltið var fyrst vígt árið 2007 en komin var tími á endurnýjun skiltisins.



### Bláfáninn

Árman Kr. Ólafsson bæjarstjóri tók á móti Bláfánanum í fallegu veðri við smábátahöfn Kópavogs þar sem Siglingafélagið Ýmir hefur aðsetur. Fáninn er alþjóðleg umverfisviðurkenning fyrir smábátahafnir og baðstrendur. Þær hafnir sem skarta Bláfánanum leggja áherslu á hreint umhverfi og fræðslu í þeim efnum, flokkun sorps, og öryggi.

Við sömu athöfn var vígt nýtt fróðleiksskilti með helstu upplýsingum um Bláfánaverkefnið, öryggi við höfnina, umgengnisreglur og umhverfi hafnarinnar.

Markvisst hefur verið unnið að því frá byrjun þessa árs að fá Bláfánann í Kópavog, en þar hafa lagt lóð á vogarskálarnar umhverfis- og samgöngunefnd, starfsmenn umhverfissviðs, hafnarvörður og Siglingafélagið Ýmir.



### Fífuhvammur

Sögufélag Kópavogs kom að gerð fróðleiksskiltis um Fífuhvamm og Fífuhvammslandið sem verður sett upp að þessu tilefni. Kópavogsbær hefur um alllangt skeið sett upp sambærileg fróðleiksskilti vítt og breitt um bæjarlandið til að hlúa markvisst að menningarverðmætum og auka fræðslu um náttúru- og söguminjar í bæjarlandinu. Á skiltinu í ár kemur fram í máli og myndum saga staðarins.



## Gata ársins Lindasmári 18-54

Á fundi bæjarstjórnar þann 11. júlí síðastliðinn var samþykkt að veita Lindasmára 18 - 54 viðurkenninguna "Gata ársins 2013"

Lindasmári 18 - 54 er glæsileg gata þar sem íbúar hafa lagt mikla rækt í einkagarða ásamt því að halda sameiginlegu svæði vel hirtu og snyrtilegu.

Smárahverfið í Kópavogi var skipulagt á árunum 1990 - 1991, það er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og hefu verið vinsælt meðal fjölskyldufólks og eldri borgara. Öll raðhúsabyggðin í Lindasmára er hluti af Smárahverfinu og var skipulagt með áherslu á lága og þétta byggð í nálægð við verslun og þjónustu. Alls eru þar 10 raðhúsalengjur og 2 parhús, alls 50 íbúðir. Hvert húsnæði hefur sérlóð en hver botnlangi á sameiginlegt rými.

Uppbygging Lindasmára 18 - 54 fór að mestu fram á árunum 1991-1995.



Gatan einkennist af vel hirtum lóðum og snyrtilegum húsum sem mynda fallega heildarmynd í götunni.

Íbúar Lindasmára 18 - 54 eru vel að viðurkenningunni komnir fyrir að hafa hugað vel að umhverfi sínu, haldið húsum sínum og lóðum snyrtilegum og götunni fallegri í áronna rás. Íbúar götunnar eru öðrum íbúum Kópavogs hvatning og fyrirmynd.

